

# ALMENNAR REGLUR UM BURÐARVIRKI

## ÁLAGSFORSENDUR

Álagsforsendur ákvarðast af Evrópustaðli, FS ENV og Þjóðarskjali staðlaráðs Íslands.

## NOTÁLAG:

Notálag er í samræmi við FS ENV 1991-1:1994 og FS ENV 1991-2-1:1995.

## GRUNDUN:

Grundun reiknast samkvæmt FS ENV 1997-1:1994. Mesta álag frá sökklum er: 0.20 MN/m<sup>2</sup> eða 2.0 kg/cm<sup>2</sup>.

## VINDÁLAG:

Vindálag reiknast samkvæmt FS ENV 1991-2-4:1995. Grunnigildi vindhraða 35.5 m/s sem gerir 1.44 kN/m<sup>2</sup> með tilheyrandi formstuðlum.

## SNJÓÁLAG:

Snjóálag reiknast samkvæmt FS ENV 1991-2-3:1995. Grunnigildi snjóálags er 2.1 kN/m<sup>2</sup> sem gerir 1 kN/m<sup>2</sup> með tilheyrandi formstuðlum. Svæði 1.


## JARÐSKJÁLFTAÁLAG:

Jarðskjálftaálag reiknast samkvæmt FS ENV 1998-1-1:1994. Hönnunarhröðun er 0.4g.

## HÆÐARKERFI OG MÁL

Hæðartölur eru í metrum í hæðarkerfi öll önnur ónefnd mál eru í millimetrum.

## TÁKN



## GRUNDUN UNDIR SÖKKLA

Undirstöðujarðvegur er frostfrí þjöppuð fylling. Fylling skal vel þjöppuð.

## FYLLING INN Í SÖKKLA OG UTAN MEÐ SÖKKLUM

Fylling sé úr frostfríu efni, bögglaberg eða samþæilegt efni. Þjappa skal fyllinguna með 100 kg vibróplötu í 20 cm lögum 4 umferðir hvert lag. Við þjöppun má hæðarmunur fyllingar sitt hvoru megin við veggj ekki vera meiri en 500 mm. Undir einangrun skal setja 50 mm jöfnunarlag.


## BENDISTÁL

BENDISTÁL merkt K KAMBSTÁL og skal vera B500C skv. NS 3576-3. d táknar þvermál bendistangar.

## SKILGREININGAR OG TÁKN

Bendistál er táknað á eftirfarandi hátt. Slétt stál merkt R8, R10 o.s.frv. Kambstál merkt K8, K10, K12, K16, K20, K22, K25 og K32 á teikningum. Tölurnar tákna þvermál járnana í mm. Allt kambstál sem á að beygja skal vera suðuhæft og er því ekki sérmerkt.

## TÁKN



## STEYPUHULA YFIR JÁRNUM

SKAL VERA EINS OG EFTIRFARANDI TAFLA SÝNIR:

BYGGINGARHLUTAR AÐSTÆÐUR	STEPUHULA NEMA SÉRTEIKNING SÝNI ANNAD.		
	PLÖTUR mm	VEGGIR mm	BITAR OG STODIR mm
INNANHÚSS OG ÞAR SEM EINANGRAD ER AÐ UTAN	20	20	20
UTANHÚSS OG Á STÖÐUM ÞAR SEM RAKI ER MIKILL	30	30	30
VEGGIR AÐ FYLLINGU OG UNDIRSTÖÐUR UNDIR GRUNNVATNI	50	50	-
EF STEYPT ER PLATA Á EINANGRUN YFIR FYLLINGU	30	30	-
EF STEYPT ER BEINT Á FYLLINGU	70	70	-

Steypuhula á burðarjárn skal þó hvergi vera minni en 15d.

## TRÉVIRKI

## TIMBUR

Allt efni og vinna skal vera í samræmi við Íslenskan staðal IST/DS 413. Allur burðarviður skal a.m.k uppfylla timburflokk K18 og lfmtré L40, nema annað sé tekið fram, að jafnaði má ekki rýra enda þversniðs meira en sem nemur 1/3 af heildinni. Þar sem timbur og steypa koma saman skal setja tjörupappa á milli.

## FESTINGAR

Bil milli festipunkta í festingum sjá töflu hér að neðan. Alla vinnu við múrbolta skal vanda sérstaklega. Bordýpt skal vera 20mm dýpri en lengd boltans í steypunni. Holuna skal blása og hreinsa áður en boltinn er settur í. Múrbolti: M12-150/90 merkir 150mm langur bolti, festilengd er 90 mm. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda við uppsetningu á boltum, múrboltum, festijárnnum og öðru viðkomandi. N táknar venjulegan ferhyrndan saum, K táknar kambsaum.

## LÁGMARKS BIL MILLI FESTIPUNKTA Í FESTINGA

	Í VAXTASTEFNU			HORNRETT A VAXTASTEFNU		
	Innbyðis	Endi undir álagi	Endi án álags	Innbyðis	Kantur undir álagi	Kantur án álags
Naglar	10d	15d	10d	5d	10d	5d
Boltar	7d	7d	4d	2d	4d	2d
Skrúfur	7d	7d	4d	2d	4d	2d

## ÞAKVIRKI


Heilklaða skal Þök með 25x150 mm borðaklæðningu og negla með 3x3" galv. nøglum í sperru. Þakjárníð neglist í aðra hverja hábáru með snúnum saum 55x66 með Þéttihring eða kambsaum 37x61 með Þéttihring. Fyrsta naglaröðin kemur 20 cm frá Þakbrún, á svæðinu 20-180cm frá Þakbrún skal vera m/m 27cm milli naglaraða, en á meginhluta Þaks skal vera m/m 42cm milli naglaraða. Að öðru leiti skal ganga frá Þakjární samkvæmt Rb-blöðum nr. 47, 102 og 103.

*Yfir þak 24 cm  
Þak*

Beygjuskífa fyrir lykkjur skal að jafnaði hafa þvermál sem er ekki minna en eftirfarandi tafla segir til um. Beygjuþvermál má þó aldrei vera minni en þau gildi sem framleiðendur taka ábyrgð á.

ÞVERMÁL STANGAR mm	STÁLTEGUND		
	SLÉTT STÁL D mm	KAMBSTÁL D mm	TENTORSTÁL D mm
4,5,6	24	24	24
7,8,9	24	32	48
10	24	48	48
12	24	64	128
16	24	128	128

Hornbending sökkla og veggja, lárétt snið



Dags.	Breytingar	Nr.	Nafn
<b>meter teiknistofa ehf</b> Þverholt 3, 270 Mosfellsbær			
Sími: 5678922, Gsm: 8940059 meter@meter.is, www.meter.is			
ÁRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUNAR:			
HALLKELSHÓLAR LÓÐ 100, GRÍMSNESI			
SKÝRINGAR			
TÖLVUSKRÁ	HANNAÐ	TEIKNAD	YFIRFARID
536-801-HALLKELSHÓLAR 100	FÓ	FÓ	FÓ
SAMÞYKKT	TEIKNING NR.	MKV.	ÚTGAFA
Fríðrik Ólafsson 2303592459	536-B01		01
FÓLTSOON	DAGS.	VERK NR.	
	10.04.2015	536	

5884